

Áhrif samfélagslegra áskorana Venn Skýringarmynd

Það fer eftir því hvaða samtöl hafa þegar átt sér stað í kennslustofunni hvort þú telur að aðferðirnar “Nautsaugað” og/eða “Venn Skýringarmynd” gætu verið gagnlegar til að kynna og dýpka skilning nemenda á samfélagslegum áskorunum. Í þessu verkefni munu nemendur vinna að því að skilgreina hvað samfélagsleg áskorun er, æfa virðingarverð samtöl, deila eigin hugsunum, hlusta á hugsanir annarra og æfa sig sérstaklega í að tjá ekki fordæmandi viðhorf þegar þeir standa frammi fyrir ágreiningi.

Áætluð útkoma - Nemendur eiga að:

- Geta skilgreint hvað samfélagslegar áskoranir eru
- Geta sýnt vilja til að breyta sjónarmiðum sínum
- Geta tekið þátt í samræðum, rökstutt eigin skoðanir og virt skoðanir annarra.
- Geta sýnt fram á virka hlustun
- Geta tekið þátt í að ræða samfélagslegar áskoranir (einstaklingslega og í hóp)
- Geta tjáð fordómalaus viðhorf til nemenda sem tjá andstæðar skoðanir
- Geta rætt samfélagslegar áskoranir og samfélagsleg, efnahagsleg og umhverfisleg áhrif.
- Geta ígrundað hvernig hugsun þeirra hefur breyst
- Geta sýnt og útskýrt hvernig hugsun þeirra hefur þróast og breyst

Tímasetning

Hversu langan tíma þetta verkefni tekur fer eftir mörgum ólíkum þáttum: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólastofunni og hvernig þú innleiðir það. Áætlaðu að minnsta kosti 45 mínútur fyrir hvora aðferð fyrir sig.

Efni

Í kennslustofunni	Blandað nám
-------------------	-------------

<p><i>Teiknið þrjá hringi eða þrjá húlahoppþringi á stóran pappír eða á töflu</i></p>	<p>Búðu til vinnuborð á Google Jamboard eða Miro</p> <ul style="list-style-type: none">• Deildu tengli á stafrænu verkefnasíðuna með nemendum, svo þeir geti nálgast það í eigin snjalltæki. <p>Þú þarft:</p> <ul style="list-style-type: none">• Skjá til að sýna nemendum verkefnisborðið• Fartölvu og/eða spjaldtölvu fyrir hvern lítinn hóp nemenda
---	--

Undirbúningur

- Farið yfir skilgreiningu á samfélagsmálum.
- Hugsaðu sjálfur um samfélagslegt vandamál og íhugaðu hvernig það mál hefur áhrif á félagslegt, efnahagslegt og/eða umhverfissvið.

Í Kennslustofunni:

- Teiknaðu stóra Venn-mynd sem samanstendur af þremur hringjum á pappír eða töflu; merktu hvern hring með einu af eftirfarandi orðum: samfélagslegt (mannlegt), umhverfislegt (tré), efnahagslegt (peningar) - ungir nemendur geta notið góðs af sjónrænum vísbendingum fyrir hvert orð eða viðmið. Þú getur líka notað orðin: fólk, staður, hagnaður. Eða búðu til Venn skýringarmynd með því að nota húlahoppþringi og merktu hvern hring í samræmi við það.

Blandað nám:

- Búðu til Venn skýringarmynd á Miro, eða Google Jamboard með þremur stórum hringjum sem skarast; merktu hvern hring með einu af eftirfarandi orðum: samfélagslegt, umhverfislegt, efnahagslegt

Skref-fyrir-skref leiðbeiningar

1 Innlögn

Biðjið nemendur að hugsa um líf sitt, skólastofuna, hverfið, samfélag sitt þegar þeir hugsa um samfélagsleg álitamál. Láttu nemendur skrifa niður eitt atriði á stafrænan eða alvöru miða, sem er mikilvægt fyrir þá eða sem þeir hafa fylgst með.

2 Fyrsta umferð Venn skýringarmyndar

Farið yfir merkingu samfélags, efnahags og umhverfis.

Biðjið nemandann um að setja límmiða sína á þann hluta Venn skýringarmyndarinnar sem hann telur best sýna hvar málið á heima.

*Taktu mynd af Venn skýringarmyndinni til að sýna síðar

3 Lestu

Lesið með nemendum í gegnum öll viðfangsefni.

Spyrðu nemendur: Er eitthvað viðgangsefni (sem er ekki þitt) á töflunni sem þú heldur að þú viljir flytja á annan stað? Biðjið nokkra sjálfboðaliða um að flytja viðfangsefnið á nýjan stað og útskýra hvers vegna þeir gerðu það.

Leyfðu samtalinu að þróast eðlilega.

4 Önnur umferð Venn skýringarmyndar

Þjóddu nemendum að íhuga það sem þeir hafa heyrt og að flytja eigið viðfangsefni ef þeir kjósa..

Biðjið nokkra nemendur að deila hugsun sinni þegar þeir hafa flutt viðfangsefnið sitt.

*Sýndu þeim myndina af Venn skýringarmyndinni þegar þau byrjuðu og spyrðu: Hverju tekur þú eftir við Venn skýringarmyndina núna? Hvað hefur breyst? Af hverju heldurðu að það hafi breyst?

5 Ígrundun

Biðjið nemendur hver fyrir sig að fylla út eyðurnar í þessari hugleiðingu:

Ég var vanur að hugsa _____ og
núna held ég _____

6 Fáðu fjölskylduna með!

Látið nemendur taka heim með sér blað sem teiknuð er á merkt Venn skýringarmynd. Þeir munu síðan deila henni heima og biðja heimilisfólk að setja þrjú atriði á skýringarmyndina. Nemandi færir svo einn sem hann telur að þurfi að vera annars staðar á Venn skýringarmyndinni og útskýrir hvers vegna. Síðan býður nemandinn þeim sem eru á heimilinu að flytja sín mál og segja honum hvers vegna.

Ef allir hafa aðgang að stafrænum verkfærum geturðu útbúið sameiginlegt Miro borð eða Google Jamboard þar sem allir nemendur geta bætt við blöðum sem þeir söfnuðu. Þeir geta flutt viðfangsefni á sameiginlegu Venn skýringarmyndinni og útskýrt hvers vegna og síðan boðið viðkomandi á heimili sínu að færa til líka.